

Sjálfsmatsskýrsla

Framhaldsskólinn á Laugum

2008-2009



Ágúst 2009

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Sjálfsmatsáætlun	4
Kennslumat	4
Skólamat	4
Áætlun næstu ára.....	4
<i>Skólaárið 2009-20010</i>	4
<i>Skólaárið 2010-2011</i>	4
<i>Skólaárið 2011-2012</i>	4
Sjálfsmat veturinn 2008-2009	5
Kennslumat	5
Skólamat	5
<i>Starfsmannakönnun</i>	5
<i>C100 - Árangur nemenda</i>	7
<i>C200 – Traust og ánægja samstarfsaðila</i>	8
Eftirfylgni.....	9
Fylgiskjöl.....	9
Viðhorfskönnun meðal starfsfólks	Error! Bookmark not defined.
Kennsla – áfangamat.....	Error! Bookmark not defined.

Inngangur

Í Framhaldsskólanum á Laugum er starfandi stýrihópur sjálfsmats á skólastarfi. Í þessum hópi eiga sæti Hallur B. Reynisson áfangastjóri, Konráð Erlendsson framhaldsskólakennari og Ragna Heiðbjört Þórisdóttir framhaldsskólakennari. Hefur stýrihópurinn hist á reglulegum fundum í vetur. Jafnframt því að sinna hinu reglulega sjálfsmati hefur stýrihópurinn unnið að þróun sjálfsmatsins nú í vetur. Hefur það snúist um það að aðlaga spurningar kerfisins að starfsemi skólans, breyta áherslum verkþátta í sjálfsmatinu og einnig að gera alla starfsmenn virkari þátttakendur í sjálfsmatinu. Fundirnir hafa annars vegar verið skipulagsfundir og hins vegar vinnufundir. Í lok skólaárs var síðan gengið frá þessari sjálfsmatsskýrslu FL fyrir skólaárið 2008-2009.

Það kerfi sem lagt er til grundvallar sjálfsmatsins er Framhalds-Skólarýnir, hannað af Benedikt Sigurðarsyni við Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. Er þetta fjórða starfsárið sem við notum Framhalds-Skólarýni við sjálfsmatið.

Í vetur var tekið fyrir kennslumat, þar sem valdir áfangar voru skoðaðir og síðan skólamat þar sem augum var beint að árangri nemenda og trausti/ánægju samstarfsaðila. Lögð var fyrir starfsmenn skólans könnun þar sem viðhorf þeirra til ýmissa þátta skólastarfsins var athuguð. Einnig var skoðað hvernig brugðist hefur verið við ábendingum síðustu sjálfsmatsskýrslu og athugað hvernig eftirfylgnin hefur verið.

Er þetta loka árið þar sem við notum framhaldsskólarýninn og veturinn 2009-2010 munum við nota til þess að ljúka gerð sjálfsmatskerfis sem við höfum verið að þróa á síðustu árum.

Sjálfsmatsáætlun

Kennslumat

Á hverri önn er kennslan skoðuð, jafnt fagtímar sem vinnustofur. Þar sem við erum að vinna við þróun á vinnustofunum er aðaláherslan á þær fyrstu árin.

Skólamat

Framhalds-Skólarýninum er skipt upp í þrjá ramma, ramma A, yfirstjórn, ramma B, starfskenningu og ramma C, árangur.

Rammi A greinist í tvo undirflokkka, frumkvæði um stjórnun og túlkun/stefnumörkun.

Rammi B greinist í sjö undirflokkka, fagmennsku, viðmiðanir /áherslur, aðbúnað, stjórnun/skipulag, kennslu/námsumgjörð, nemendur, foreldrasamstarf.

Rammi C greinist í tvo undirflokkka, árangur nemenda og traust/ánægju samstarfsaðila.

Teknir verða fyrir til skiptis rammar A, B og C þannig að einn rammi er tekinn fyrir á hverju skólaári.

Á næstu árum verður hvert ár mað sína áherslu eftir því sem við á hverju sinni. Þau verkfæri sem nota á við að afla upplýsinga á hverju ári eru nemendakannanir, starfsmannakannanir, vinnufundir starfsmanna og foreldrakannanir.

Áætlun næstu ára

Skólaárið 2009-2010

Aðaláhersluatriði skólaársins eru kennsluhættir og námsmat við skólann.

Skólaárið 2010-2011

Aðaláhersluatriði skólaársins er skólanámskrá og upplýsingagjöf til nemenda og foreldra.

Skólaárið 2011-2012

Aðaláhersluatriði skólaársins er nýting nemenda á vinnustofum og hlutverk kennarans þar.

Sjálfsmat veturinn 2008-2009

Kennslumat

Nemendur mátu nokkra áfanga á hvorri önn skólaársins. 2008/2009 voru eftirfarandi áfangar teknir til athugunar og mats af nemendum og kennurum eins og áður er lýst : íþr101, ens202, dan102, fél203, sag103 og ísl202.

Í þessu mati voru nemendur beðnir um álit sitt á ýmsum þáttum kennslu í framangreindum áföngum og fór matið fram rafrænt undir nafnleynd. Um framkvæmd áfangamatsins sá hópstjóri stýrihóps sjálfsmatsins en það fór fram í tölvuveri skólans. Í þessari áfangamatskönnun var notaður fimm þrepa skali í hverri spurningu og eins og sjá má í fylgiskjölum er mat nemenda jákvætt. Þó er alltaf einhver hluti nemendanna sem tekur ekki afstöðu, og fer það nokkuð eftir spurningum. Langfæstir nemenda eru óánægðir, ósammála eða neikvæðir en það kemur þó fyrir í sumum svörum. Þegar litið er yfir allt í heild sinni þá er útkoman jákvæð þó vert sé að skoða nokkur atriði með úrbætur í huga.

Partur af áfangamati var athugun kennara á notkun kennsluáðferða í framangreindum áföngum. Í ljós kom að kennarar notuðu margbreytilegar kennsluáðferðir í kennslu sinni. Um 85% kennara töldu sig nota meira en 3 kennsluáðferðir á þeim tveimur vikum sem skoðaðar voru og er það svipað og á síðustu árum.

Skólamat

Starfsmannakönnun

Á vorönn var lögð könnun fyrir starfsfólk skólans þar sem kannað var viðhorf þess til starfsanda í skólanum. Þessi könnun var lögð fyrir með nafnleynd á starfsmannafundi.

Þegar niðurstöður viðhorfskönnunar meðal starfsfólks skólans eru skoðaðar kemur í ljós að þær eru almennt áberandi jákvæðar. Til dæmis eru allir starfsmenn skólans yfirleitt eða alltaf glaðlyndir á vinnustað og reyna að efla félagsandann. (spurn 6) og um 91% starfsmanna telja að þeim líði nokkuð oft eða (næstum) alltaf vel í vinnunni og fari ánægðir heim í lok vinnudags.¹ Þá telja 90% starfsmanna að skólinn sé yfirleitt alltaf eða nokkuð oft góður vinnustaður.² Auk þess telja 98% starfsmanna stöðu skólans í samfélaginu hafa frekar batnað.³ Um 80% starfsmanna telja að stjórnendur taki á vandamálum þannig að lausn fái innán hóflegs tíma.⁴ 85% starfsmanna telja sig næstum alltaf eða nokkuð oft njóta trausts í starfi sínu.

Nokkur atriði fengu þó neikvæðari svörun en það sem talið er upp hér á undan. Aðeins 12% starfsmanna telja að samstarfsmenn styðji hver annan næstum alltaf,⁵ sem er umtalsvert verri niðurstaða en í fyrra. Um 33% telja sig sjaldan eða aldrei fá

¹ Spurningar 1 og 3 í viðhorfskönnun meðal starfsfólks

² Spurning 7 í viðhorfskönnun meðal starfsfólks

³ Spurning 12 í viðhorfskönnun meðal starfsfólks

⁴ Spurning 5 í viðhorfskönnun meðal starfsfólks

⁵ Spurning 4 í viðhorfskönnun meðal starfsfólks

tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanir og stefnu í skólanum.⁶ 28% starfsmanna telja að vinnureglur um meðferð frávika og vandamála sem upp koma séu frekar sjaldan eða næstum aldrei skýrar.

Af þessum niðurstöðum má ráða að starfsandinn og líðan starfsmanna sé almennt góð, en þó séu blikur á lofti um að starfsandi hafi versnað, starfsmenn styðji ekki nægilega vel hvern annan og einstaka starfsmanni líði illa.

⁶ Spurningar 2 og 8 í viðhorfskönnun meðal starfsfólks

C100 - Árangur nemenda

<u>Lykill</u>	<u>Skýring</u>	<u>Punktur</u>	<u>Einkunn</u>	<u>Stig</u>
C101	Einkunnir – kennslugreinar	50	80%	40,00
C102	Sjálfsmat – sjálfsmynd	40	85%	36,00
C103	Persónuleg hæfni	40	70%	28,00
C104	Félagsleg hæfni	40	80%	32,00
C105	Viðhorf – lífhættir – úthald	40	70%	28,00
C106	Annar árangur nemenda	40	80%	32,00
C1	Árangur nemenda	Samtals:	196,00 af 250	

Styrkleikar:

Skólinn veitir persónulega þjónustu og gefur nemendum tækifæri til að taka á sig ábyrgð gagnvart samnemendum/öðru fólki og samfélagslegum verkefnum. Hann nær árangri í að efla félags- og persónuþroska nemenda auk sjálfsmyndar þeirra nemenda sem lakast eru settir. Þannig gefur skólinn þeim tilfinningu fyrir auknum árangri í námi. Nemendur hafa jákvæða sjálfsmynd og jákvætt lífsviðhorf. Þeir hafa einnig jákvæða tilfinningu fyrir því að glímt sé við lausn vandamála sem upp koma í tæka tíð. Nemendur bera skólanum sínum mjög gott orð.

Veikleikar:

Námsmarkmið nemenda eru ekki nægilega tengd með skipulögðum hætti við hugmyndir þeirra um framtíðarstarf eða nám.

Vantar meiri upplýsingagjöf til forráðamanna.

Árétting:

Efla þarf upplýsingagjöf til foreldra og kynna háskólanám fyrir nemendum og starfsfólki..

C200 – Traust og ánægja samstarfsaðila

Lykill	Skýring	Punktar	Einkunn	Stig
C201	Ánægja starfsf.-sjálfsvirðing	30	85%	25,50
C202	Árangur nem. -árangursvilji	20	80%	16,00
C203	Ánægja foreldra-metnaður	20	90%	18,00
C204	Samstaða-samstarf við yfirvöld	20	60%	12,00
C205	Virðing skólans-viðurkenning yfirvalda	20	75%	15,00
C206	Væntingar um árangur	20	85%	17,00
C207	Samskiptaumhverfi skólans	20	60%	12,00
C2	Traust og ánægja aðila	Samtals:	115,50 af 150	

Styrkleikar:

Starfsfólk er áhugasamt um viðgang stofnunar, skilar starfi sínu vel og leggur sig fram um nýjungar. Starfsmenn sýna skólanum hollustu. Nemendum líður vel og eru tilbúnir að leggja sig fram undir merkjum skólans. Foreldrar og samstarfsaðilar eru mjög sáttir við skólann og hafa metnað fyrir hans hönd. Skólinn tekur þátt í atburðum byggðarlagsins og er virkur í samfélaginu. Menn þakka skólanum frábæran árangur einstakra nemenda.

Veikleikar:

Starfsaðstæður eru ekki eins góðar og þær þyrftu að vera. Starfsmönnum finnst að nemendur hafi ekki nægilegan metnað.

Árétting:

Skapa þarf andrúmsloft meðal nemenda til að huga betur að metnaði. Halda þarf áfram kynningarstarfi í grunnskólum nágrennisins og ýta undir jákvæða fjölmiðlaumfjöllun.

Eftirfylgni

Hér á eftir verður fjallað um þau atriði sem bent var á að þyrftu endurbóta við í síðustu sjálfsmatsskýrslu.

Unnið hefur verið að skipulagningu upplýsingaflæðis innan stofnunarinnar.

Framkvæmdir eru hafnar á frágangi lóðar.

Húsnæðisþörf hefur verið metin en lítið hefur verið unnið að áætlun um þjónustu við fatlaða og ritun siðareglna fyrir alla starfsmenn.

Athuga að mat á þróunarverkefninu er einnig hluti af sjálfsmati skólans og er gerð góð skil í lokaskýrslu verkefnisins.

Laugum ágúst 2009

Hallur B. Reynisson, áfangastjóri